

Ákærðu greiði in solidum Gísla Rögnvaldi Stefánssyni kr. 43.350 í skaðabætur.

Ákærðu greiði allan sakarkostnað, þar með talin saksóknarlaun, 30.000 krónur er renni í ríkissjóð, og málsvarnarlaun skipaðra verjenda sinna, Hilmars Ingimundarsonar hrl. og Haralds Blöndal hrl., 30.000 krónur til hvors um sig.

Miðvikudaginn 9. nóvember 1988.

Nr. 236/1987. **Guðmundur Sigurjónsson**

(Páll A. Pálsson hrl.)

gegn

Ábyrgð hf.

(Logi Guðbrandsson hrl.)

Vátrygging. Túlkun á vátryggingarskilmálum.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Thoroddsen, Benedikt Blöndal, Bjarni K. Bjarnason, Guðmundur Skaftason og Haraldur Henrysson settur hæstaréttardómari.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 31. júlí 1987. Dómkröfur hans eru þessar:

Aðallega: Að stefndi greiði 1.099.877,00 krónur ásamt 2,75% dráttarvöxtum fyrir hvern mánuð og brot úr mánuði af 490.000,00 krónum frá 1. janúar 1985 til 1. febrúar 1985, 3,75% dráttarvöxtum á mánuði af sömu fjárhæð frá þeim degi til 1. mars 1985, 4% dráttarvöxtum á mánuði af sömu fjárhæð frá þeim degi til 1. apríl 1985, 4% dráttarvöxtum á mánuði af 646.195,00 krónum frá þeim degi til 1. júní 1985, 3,5% dráttarvöxtum á mánuði af sömu fjárhæð frá þeim degi til 1. júlí 1985, 3,5% dráttarvöxtum á mánuði af 815.195,00 krónum frá þeim degi til 1. október 1985, 3,75% dráttar-

vöxtum á mánuði af 995.713,00 krónum frá þeim degi til 15. nóvember 1985, 3,75% dráttarvöxtum á mánuði af 1.085.527,00 krónum frá þeim degi til 1. mars 1986, 2,75% dráttarvöxtum á mánuði af sömu fjárhæð frá þeim degi til 1. apríl 1986, 2,25% dráttarvöxtum á mánuði af sömu fjárhæð frá þeim degi til 3. júlí 1986, en 2,25% dráttarvöxtum á mánuði af 1.099.887,00 krónum frá þeim degi til 14. apríl 1987 en með dráttarvöxtum samkvæmt 10. gr. laga nr. 25/1987 frá þeim degi til greiðsludags auk málskostnaðar bæði í héraði og fyrir Hæstarétti.

Til vara: Að stefndi greiði 906.218,00 krónur ásamt 2,75% dráttarvöxtum fyrir hvern mánuð og brot úr mánuði af 490.000,00 krónum frá 1. janúar 1985 til 1. febrúar 1985, 3,75% dráttarvöxtum á mánuði af sömu fjárhæð frá þeim degi til 1. mars 1985, 4% dráttarvöxtum á mánuði af sömu fjárhæð frá þeim degi til 1. apríl 1985, 4% dráttarvöxtum á mánuði af 646.195,00 krónum frá þeim degi til 2. maí 1985, 4% dráttarvöxtum á mánuði af 698.195,00 krónum frá þeim degi til 1. júní 1985, 3,75% dráttarvöxtum á mánuði af sömu fjárhæð frá þeim degi til 1. júlí 1985, 3,5% dráttarvöxtum á mánuði af 756.965,00 krónum frá þeim degi til 1. október 1985, 3,75% dráttarvöxtum á mánuði af 846.954,00 krónum frá þeim degi til 15. nóvember 1985, 3,75% dráttarvöxtum á mánuði af 891.858,00 krónum frá þeim degi til 1. mars 1986, 2,75% dráttarvöxtum á mánuði af sömu fjárhæð frá þeim degi til 1. apríl 1986, 2,25% dráttarvöxtum á mánuði af sömu fjárhæð frá þeim degi til 3. júlí 1986 en 2,25% dráttarvöxtum á mánuði af 906.218,00 krónum frá þeim degi til 14. apríl 1987 en með dráttarvöxtum samkvæmt 10. gr. laga nr. 25/1987 frá þeim degi til greiðsludags auk málskostnaðar bæði í héraði og fyrir Hæstarétti.

Að því er vexti varðar krefst áfrýjandi þess til vara í báðum tilvikum, að þeir verði:

Frá 1. janúar 1985 til 1. maí 1985 30% á ári.

Frá 1. maí 1985 til 11. maí 1985 28% á ári.

Frá 11. maí 1985 til 1. ágúst 1985 27% á ári.

Frá 1. ágúst 1985 til 1. mars 1986 29% á ári.

Frá 1. mars 1986 til 1. apríl 1986 18,5% á ári.

Frá 1. apríl 1986 til 11. nóvember 1986 14,25% á ári.

Frá 11. nóvember 1986 til 21. janúar 1987 14,75% á ári.

Frá 21. janúar 1987 til 21. febrúar 1987 15,5% á ári.

Frá 21. febrúar 1987 til 1. mars 1987 17% ár ári.

Frá 1. mars 1987 til 1. maí 1987 18% á ári.

Frá 1. maí 1987 til greiðsludags krefst áfrýjandi vaxta samkvæmt 3. mgr. 24. gr. laga nr. 20/1954.

Stefndi krefst sýknu og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Málavöxtum er lýst í hinum áfrýjaða dómi. Þar er greint frá framburði áfrýjanda þess efnis, að hann hafi meiðst við líkamsæfningar í rimlum fimmtudaginn 15. nóvember 1984 í æfingaherbergi Sundlaugar Kópavogs. Hafi hann hangið á höndunum á efsta rimli og látið líkama sinn falla niður. Við þetta hafi hann fengið sáran verk í vinstri öxl og holhönd. Telur áfrýjandi, að við þetta hafi tagnað á æðum á þessu líkamssvæði og það orsakað blóðsega og stíflu í bláæð út í vinstri handlegg og valdið honum örorku.

Jafnvel þótt lögð sé til grundvallar frásögn áfrýjanda um það, á hvern hátt hann meiddist, er ekki unnt að fallast á það að hér hafi verið um slys að ræða, hvorki í skilningi almennra skilmála stefnda um slysatryggingar frá árinu 1974 né altryggingar hans fyrir heimili og fjölskyldu frá 1. apríl 1983. Í báðum þessum skilmálum er hugtakið slys skilgreint efnislega á sama hátt, þannig: „Með slysi er átt við skyndilegan utanaðkomandi atburð, sem veldur hinum (vá)tryggða líkamsmeiðslum, án þess að hann hafi sjálfur átt þar hlut að af ásettu ráði.“

Með þessari athugasemd, en að öðru leyti með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms, ber að staðfesta hann.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti falli niður.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti fellur niður.

Dómur bærjþings Reykjavíkur 17. júlí 1987.

I.

Mál þetta, sem dómtekið var hinn 7. júlí sl., er höfðað fyrir bærjþingi Reykjavíkur af Guðmundi Sigurjónssyni, nnr. 3104-4006, Norðurtúni 20,

Bessastaðahreppi, gegn Ábyrgð hf., nnr. 0004-4318, Lágmúla 5, Reykjavík, með stefnu þingfestri 30. september 1986.

Endanlegar dómkröfur stefnanda eru þessar:

A. Aðalkrafa: Að stefndi greiði kr. 1.099.887,00 ásamt 2,75% drv. fyrir hvern mán. og brot úr mán. af kr. 490.000,00 frá 01.01. '85 til 01.02. '85, 3,75% drv. á mán. af sömu fjárh. frá þ.d. til 01.03. '85, 4% drv. á mán. af sömu fjárh. frá þ.d. til 01.04. '85, 4% drv. á mán. af kr. 646.195,00 frá þ.d. til 01.06. '85, 3,5% drv. á mán. af sömu fjárh. frá þ.d. til 01.07. '85, 3,5% drv. á mán. af kr. 815.195,00 frá þ.d. til 01.10. '85, 3,75% drv. á mán. af kr. 995.713,00 frá þ.d. til 15.11. '85, 3,75% drv. á mán. af kr. 1.085.527,00 frá þ.d. til 01.03. '86, 2,75% drv. á mán. af sömu fjárh. frá þ.d. til 01.04. '86, 2,25% drv. á mán. af sömu fjárh. frá þ.d. til 03.07. '86 en 2,25% drv. á mán. af kr. 1.099.887,00 frá þ.d. til greiðsludags auk málskostnaðar skv. gjaldskrá LMFÍ.

B. Varakrafa: Að stefndi greiði kr. 876.282,00 ásamt 2,75% drv. fyrir hvern mán. og brot úr mán. af kr. 490.000,00 frá 01.01. '85 til 01.02. '85, 3,75% drv. á mán. af sömu fjárh. frá þ.d. til 01.03. '85, 4% drv. á mán. af sömu fjárh. frá þ.d. til 01.04. '85, 4% drv. á mán. af kr. 646.195,00 frá þ.d. til 02.05. '85, 4% drv. á mán. af kr. 698.195,00 frá þ.d. til 01.06. '85, 3,5% drv. á mán. af sömu fjárh. frá þ.d. til 01.07. '85, 3,5% drv. á mán. af kr. 756.965,00 frá þ.d. til 01.10. '85, 3,75% drv. á mán. af kr. 846.954,00 frá þ.d. til 15.11. '85, 3,75% drv. á mán. af kr. 861.922,00 frá þ.d. til 01.03. '86, 2,75% drv. á mán. af sömu fjárh. frá þ.d. til 01.04. '86, 2,25% drv. á mán. af sömu fjárh. frá þ.d. til 03.07. '86 en 2,25% drv. á mán. af kr. 876.282,00 frá þ.d. til greiðsludags auk málskostnaðar skv. gjaldskrá LMFÍ.

Til vara er þess krafist að vextir verði í báðum tilvikum reiknaðir sem hér segir:

Frá 01.01. '85 til 01.05. '85 30% á ári.

Frá 01.05. '85 til 11.05. '85 28% á ári.

Frá 11.05. '85 til 01.08. '85 27% á ári.

Frá 01.08. '85 til 01.03. '86 29% á ári.

Frá 01.03. '86 til 01.04. '86 18,5% á ári.

Frá 01.04. '86 til 11.11. '86 14,25% á ári.

Frá 11.11. '86 til 21.01. '87 14,75% á ári.

Frá 21.01. '87 til 21.02. '87 15,5% á ári.

Frá 21.02. '87 til 01.03. '87 17% á ári.

Frá 01.03. '87 til 01.05. '87 18% á ári.

Frá 01.05. '87 til greiðsludags 19,5% á ári.

Dómkröfur stefnda eru þær að hann verði sýknaður af öllum kröfum

stefnanda í máli þessu og að stefnanda verði gert að greiða málskostnað samkvæmt gjaldskrá LMFÍ.

Mál þetta var dómtekið að loknum munnlegum málflutningi hinn 19. maí sl. Það var endurupptekið hinn 7. júlí sl., endurflutt og dómtekið að nýju þann dag.

Sáttaumleitanir fyrir dómi hafa ekki borið árangur.

II.

Stefnandi lýsir málavöxtum svo að í september 1984 hafi hann leitað til Egils Gestssonar tryggingamiðlara og beðið hann um að leita tilboða í allar tryggingar fyrir sig og fyrir fyrirtækið Varma bílasprautun hf. sem hann hafi veitt forstöðu. Eftir samamburð á tilboðum hafi verið ákveðið að tryggingarnar yrðu keyptar hjá Ábyrgð hf. Þar á meðal hafi verið slysaftrygging fyrir stefnanda sjálfan er tekið hafi gildi 1. október 1984 og altrygging fyrir heimili og fjölskyldu stefnanda er tekið hafi gildi frá 22. október 1984. Þann 14. nóvember 1984 hafi stefnandi sent skriflega staðfestingu á því að tryggingarnar væru í gildi og að iðgjaldainnheimtur yrðu sendar síðar. Um þessar mundir hafi stefnandi orðið fyrir óhappi sem hann lýsi svo:

„Fimmtudaginn 15.11. 1984 gerði ég líkamsæfingar í æfingaherbergi Sundlaugar Kópavogs og hékk þar m.a. í rimlum. Við það fékk ég mjög sáran verk í vinstri öxl og holhönd en verkurinn leið hjá samdægurs. Laugardaginn 17.11. fór ég í sund og er ég stakk mér fékk ég skyndilega sams konar verk en þó öllu verri. Þegar líða tók á daginn fann ég að kom einhver þroti í vinstri handlegg en hélt þó að þetta væri einhvers konar vöðvabólga eða tognun. Daginn eftir var ég staddur í kvikmyndahúsi og þá fann ég að þroti í handlegg og verkir fóru að versna að mun og þá fór ég á slysadeild Borgarspítalans (18.11. 1984).

Eftir skoðun á Borgarspítalanum var læknir þar ekki viss hverju þetta sætti en taldi þó líklegt að einhvers konar sýking væri undir húðinni. Hann skrifaði lyfseðil fyrir penisillíni og mér var sagt að fara heim og liggja þar í 3 daga og jafna mig. Þegar mér batnaði ekki að þessum tíma liðnum fór ég til Gunnsteins Gunnarssonar heimilislæknis og hann gat greint truflun á blóðrás í holhönd og öxl. Ég var sendur daginn eftir á Landakotsspítala til Sigurgeirs Kjartanssonar læknis og voru þá framkvæmdar þær aðgerðir sem hann lýsir í vottorði sínu.“

Í vottorði Sigurgeirs Kjartanssonar læknis frá 12.03. '85 segir m.a. svo: „Guðmundur var innlagður á Landakotsspítala þ. 22.11. '84 vegna blóðsega og stíflu í vi. holhönd, með dreifðan þrota í öllum handleggnum, og var blóðsegagreining staðfest með æðamynd þegar við innlögn. Varð fyrst var við þrota og verk í handlegg eftir að hafa haldið sér uppi í rimlum

í leikfimi, en einkenni versnuðu að mun daginn eftir er hann var í sundi, að þrautir í handleggnum versnuðu að miklum mun.“

Hafi stefnandi talið að hann hefði orðið fyrir slysi enda hafi allt bent til þess að æðar í holhönd hefðu orðið fyrir hnjaski í leikfiminni og þá hefði fyrrnefnd stífla myndast. Hafi hann leitað eftir bótum úr slysatryggingu hjá Ábyrgð hf. og eftir óákveðin svör nokkurn tíma hafi hann orðið að leita til lögmanns. Er óskað hafi verið skriflegs svars frá Ábyrgð hf. hafi félagið neitað bótaskyldu á þeim grundvelli að ekki væri um slys að ræða, heldur sjúkdóm hjá stefnanda. Hafi starfsmenn Ábyrgðar hf. byggt þessa niðurstöðu á viðtölum við Sigurgeir Kjartansson lækni.

Stefnandi hafi leitað til John E. Benedikz læknis vegna þess að hann hafi ekki náð sér eftir fyrrnefndan atburð, hafi verið með verki í hálsi sem leitt hafi í vinstri öxl, framhandlegg og út í höndina. Hafi John rannsakað stefnanda nákvæmlega og fylgst með honum um tíma. Þann 22. maí 1986 hafi læknirinn skrifað vottorð vegna stefnanda og álit hans á orsökum veikindanna hafi verið þessi:

„Guðmundur hefur greinilega fengið áverka á axillary venu og á plexus brachialis. Ég tel það líklegast að hann hafi snúist illa við ofanefnda leikfimisæfingu, fengið hyperextensions trauma í axillu með venutrombosis í axillary venu og torsion á plexus brachialis.“

Auk þessa tel ég líklegt að aðrir muscular skeletal vefir hafi orðið fyrir torsions áverka.

Það er erfitt að gefa ákveðnar horfur en tel að með endurhæfingu til að auka vinnuþol mun Guðmundi fara batnandi næstu 2 árin, en mun ekki þola fullt álag á vinstri handlegg það sem eftir er.“

Á grundvelli þessara upplýsinga hafi verið leitað til Ólafs Jónssonar læknis um örorkumat og lokaorð í álitsgerð hans frá 25.06. '86 séu þessi:

„Hér er um að ræða 34 ára gamlan bílamálara sem varð fyrir óhappi fyrir 20 mánuðum þannig að æð, taugastofn og vöðvar í vinstri upphandlegg og axlarsvæði sködduðust alvarlega þannig að blóðtappi myndaðist í bláæð og varð að fjarlægja hann með skurðaðgerð. Guðmundur hefur síðan verið í æfingum og smátt og smátt náð auknum styrk í handlegginn og litur nú út sem að afleiðingar slyssins séu horfnar að miklu leyti þótt hann muni framvegis hafa бага af vinstri handlegg.“

Þar sem ekki eru fyrirhugaðar aðgerðir eða frekari meðferð vegna umrædds óhapps er tímabært að meta örorku þá er af slysinu hlaust og telst sú örorka hæfilega metin:

100% í sex mánuði,
síðan 50% næstu sex mánuði,
síðan 25% í fjóra mánuði,
síðan 8% varanleg.“

Lögmaður stefnanda hafi síðan reynt að fá greiddar bætur úr slysstryggingu og altryggingu stefnanda hjá stefnda, Ábyrgð hf., en bótaskyldu hafi verið hafnað.

Samkvæmt skilmálum slysstryggingar greiðist bætur vegna slyss í formi dagpeninga vegna tímabundins starfsorkumissis og í formi örorkubóta, sem ákveðist í sama hlutfalli af vátryggingarfjárhæð og örorka sé metin. Dagpeningar hafi verið ákveðnir í upphafi kr. 10.000,00 á viku en skyldu hækka ársfjórðungslega í hlutfalli við hækkun framfærsluvísitölu. Hámarksbætur vegna örorku hafi samkvæmt skilmálum verið kr. 5.000.000,00 og þar sem stefnandi hafi hlotið 8% varanlega örorku vegna slyssins eigi hann rétt til örorkubóta að fjárhæð kr. 400.000,00. Stefnandi geri kröfu um fulla dagpeninga í eitt ár í samræmi við álit heimilislæknis og séu þeir reiknaðir þannig í samræmi við breytingar á framfærsluvísitölu og bréf stefnda. Bætur úr altryggingu eigi að vera 8% af hámarksbótum vegna örorku kr. 250.000,00. Heildarkröfugerð aðalkröfu sundurliðar stefnandi svo:

Stefnandi byggir á því að hann eigi rétt til bóta samkvæmt vátryggingarsamningnum við stefnda vegna óhapps síns. Óhappið eigi tvímælalaust að flokkast undir slys, enda segi í slysstryggingarskilmálum, grein 1A, að með slysi sé átt við skyndilegan utanaðkomandi atburð sem valdi hinum tryggða líkamsmeiðslum án þess að hann hafi átt sjálfur hlut að af ásettu ráði. Af vottorðum megi ljóslega ráða að hann hafi hlotið áverka á æð við líkamsæfingar og stefndi hafi eigi sýnt fram á annað.

Varðandi lagarök vitnar stefnandi til 11. - 17. gr. laga um vátryggingarsamninga nr. 20/1954 að því er varðar upphaf ábyrgðar tryggingarfélags og iðgjaldagreiðslur. Þá vísaði stefnandi og til 4. kapitula sömu laga.

Af hálfu stefnda er tekið fram að stefnandi hafi keypt slysstryggingu og altryggingu hjá stefnda samkvæmt beiðni dags. 22. október 1984. Vátryggingarsamningur hafi komist á með bréfi stefnda dags. 14. nóvember 1984.

Við munnlegan málflutning var af stefnda hálfu fallið frá þeirri málsmáttæðu, að trygging hjá stefnanda væri ekki í gildi vegna greiðsludráttar iðgjalda.

Stefndi byggir á því að í báðum þeim tryggingum sem hér um ræði sé slys sem leiði til þess að bætur séu greiddar, skilgreint svo: „Með slysi er átt við skyndilegan utanaðkomandi atburð sem valdi hinum (vá)tryggða líkamsmeiðslum án þess að hann hafi sjálfur átt þar hlut að af ásettu ráði.“ Það eina sem til sé um hvernig stefnandi hafi orðið fyrir því „slysi“ sem hann vilji byggja kröfu sína á, sé skýrsla hans sjálfs. Samkvæmt því upp-

fylli atburður þessi ekki skilyrði tryggingarskilmálanna. Atburðurinn sé ekki skyndilegur því stefnandi viti ekki hvenær hann verði í raun. Sjúkdómur hans komi að sögn í ljós hinn 15. nóvember 1984, en versni svo á næstu dögum, þar til aðgerð sé gerð hinn 22. nóvember 1984. Atburður þessi sé ekki utanaðkomandi, þar sem ekkert virðist hafa valdið honum annað en einhver ótilgreindur sjúkdómur stefnanda. Einkennin komi fyrst fram þegar hann sé við þessar íþróttaiðkanir, en það segi ekki að orsakasamband sé þar á milli. Stefnandi geti ekki um að hann hafi orðið fyrir utanaðkomandi skaðvaldi eða að hann hafi við íþróttaiðkun sína gert neitt það sem ætti að leiða til meiðsla. Þá hafi ekki verið sýnt fram á að stefnandi hafi orðið fyrir líkamsmeiðslum í þessu sambandi.

Stefnandi hafi lagt fram vottorð þriggja lækna auk örorkumatsins. Á dskj. nr. 19 sé vottorð dr. med. Brynjólfs Mogensen á Slysadeild Borgarspítala. Í því vottorði segi, að stefnandi hafi komið á Slysadeild 18. nóvember 1984 vegna bólgu og verkja í vi. hendi. Síðan segi orðrétt: „Guðmundur tók eftir því daginn fyrir komu hversu bólgarni vi. handleggur var og stíðari en sá hægri. Sagðist hafa vaxandi verkjaseyðing utanvert á handlegg og hendi og fór seyðingurinn óðum vaxandi. Ekki nein saga um áverka.

Skoðun leiddi í ljós roða á vi. handlegg og hendi og verulega stinnari viðkomu. Vi. framhandleggur er verulega gildnari eða um 1½ cm og mjög aumur viðkomu. Sjúkl. var álitinn hafa húðbólgu (cellulitis) og meðhöndlaður með Penicillini.“

Af hálfu stefnda er vísað í læknisvottorð Sigurgeirs Kjartanssonar, dags. 12. mars 1985, sem fyrr getur, og einnig í fyrrnefnt vottorð John Benedikz læknis, dags. 22. maí 1986. Varðandi síðargreint vottorð er tekið fram af hálfu stefnda að læknirinn gefi sér orsök, er hann láti uppi það álit: „... að hann (stefnandi) hafi snúist illa við ofangreinda leikfimisæfingu ...“ en þess sé hvergi getið, t.d. í skýrslu stefnanda, að hann hafi snúist illa við þessa leikfimisæfingu. Auk þess telji hann þetta líklegt, en hafi í raun ekki séð nein klinísk einkenni þessa.

Því er haldið fram af hálfu stefnda að stefnandi hafi ekki orðið fyrir slysi og því hafi váttryggingaratburður ekki orðið og beri því að sýkna af kröfum stefnanda í máli þessu.

— — —

III.

Svo sem fram er komið krefst stefnandi slysabóta úr hendi stefnda samkvæmt samningsbundnum tryggingum vegna þeirra líkamsmeiðsla, sem hann kveðst hafa orðið fyrir, er hann hafi gert líkamsæfingar í rimlum í æfingaherbergi Sundlaugar Kópavogs hinn 15. nóvember 1984.

Samkvæmt vottorði Brynjólfs Mogensen dr. med., dags. 5. desember

1985, kom stefnandi á Slysadeild Borgarspítalans 18. nóvember 1984 vegna bólgu og verkja í við. hendi. Í vottorði þessu segir m.a. svo:

„Guðmundur tók eftir því daginn fyrir komu hversu bólgarni við. handleggur var og stíðari en sá hæ. Sagðist hafa vaxandi verkjaseyðing utanvert á handlegg og hendi og fór seyðingurinn óðum vaxandi. Ekki nein saga um áverka.“

Skoðun leiddi í ljós roða á við. handlegg og hendi og verulega stinnari við komu. Við framhandleggur er verulega gildnari eða um 1½ cm og mjög aumur viðkomu. Sjúkl. var álitinn hafa húðbólgu (cellulitis) og meðhöndlaður með Penicillini.“

Í vottorði Gunnsteins Gunnarssonar, heimilislæknis stefnanda, dags. 11. mars 1987, sem hann hefur staðfest fyrir dómi, er lýst komu stefnanda á stofu til læknisins hinn 21. nóvember 1984. Í vottorði þessu segir m.a. svo um stefnanda:

„Við skoðun þann 21/11 var hann með eymsli undir hólhöndinni og virtist mér þau eymsli stafa frá bólgu í bláæð. Ekki hafði hann eymsli annarsstaðar né kvartanir frá öðrum líkamshlutum. Ég hafði samdægurs samb. við Sigurgeir Kjartansson æðaskurðlækni og sá hann Guðmund samdægurs á stofu sinni.“

Guðmundur hafði verið vel frískur og ekki kennt sér neins meins þegar þetta skeði.

Við eftirgrennsln kom í ljós að hann hafði nokkru áður verið í einhverskonar leikfimisæfingum, að teygja á sér, og m.a. hangið í rimlum. Hafði hann þá fundið strikka á vefnum undir hólhöndinni, en skeytti því engu þá.“

Í vottorði þessu kemur fram það álit læknisins að eina skýnsamlega skýringin á æðabólgu stefnanda sé að hann hafi fengið tognun í vefi holhandarinnar eins og áður sé lýst.

Samkvæmt vottorði Sigurgeirs Kjartanssonar læknis var stefnandi lagður inn á Landakotsspítala hinn 22. nóvember 1984 vegna blóðsega og stíflu í við. hólhönd og með dreifðan þrota í öllum handleggnum og tekinn þar til aðgerðar þegar eftir greiningu, svo sem nánar er lýst í framlögðu vottorði. Nefndur læknir, sem er sérfræðingur í æðaskurðlækningum, greindi frá því fyrir dómi hverjar væru helstu orsakir fyrir blóðsega sem þessum, sem hann taldi aðallega geta verið með þrennum hætti, sem hann gerði svofellda grein fyrir: „Það eru þrengsli, meðfædd að meira eða minna leyti, þrengsli undir viðbeininu þar sem meginbláæðin gengur út úr brjóstholinu og út í handlegg og þessa þrengsla kann að gæta seinna á æfinni, jafnvel þó þau séu meira eða minna meðfædd eða komi smá saman. Í öðru lagi gæti verið um að ræða áverka eða slys og í þriðja lagi, sem er langalgengast, það er ekki nokkur skapaður hlutur, það er engin ástæða fyrir

því.“ Ekki gat læk'nirinn borið um það til hvaða orsakabáttar mætti rekja blóðsegann hjá stefnanda, en í sjúkraskrá stefnanda, sem nefndur læk'nir skráði og lögð hefur verið fram í málinu, segir svo m.a. í niðurlagi: „Ég reyni ekki að leiða getum að hvað kann að liggja á bak við þessa thrombósu, hvort um er að ræða local skemmd í endotheli, ellegar truflun á storkunar mekanisma.“

Í vottorði John E. G. Benedikz, sérfræðings í taugasjúkdómum, dags. 22. maí 1986, sem stefnandi hefur leitað til vegna áframhaldandi einkenna og verkja í vinstri handlegg og út frá honum, kemur fram það álit læk'nisins að stefnandi hafi greinilega fengið áverka á axillary venu og á plexus brachialis, og taldi læk'nirinn það líklegast að stefnandi hafi snúist illa við ofanefnda leikfimisæfingu.

Fyrir dómi hefur stefnandi skýrt svo frá atvikum að hann hafi stundað töluvert mikið sund í sundlaug Kópavogs og tiltekið sinn hafi hann verið staddur í æfingaherbergi sundlaugarinnar fyrir leikfimi og viljað tileinka sér æfingar sem hann hafi séð menn gera þar í leikfimisrimlum. Kvaðst hann hafa klifrað upp í þessa rimla, haldið í efsta rimlinn með hendurnar fyrir ofan sig og látið skrokkinn húrta niður. Við þetta hafi hann fengið gífurlegan sársauka í vinstri höndina, öxlina og dottið niður á gólf og í framhaldi af því hafi verið slæmur verkur, sem samt hafi farið minnkandi og kveðst stefnandi svona í byrjun hafa litið svo á að hann hefði sennilega eitthvað tognað.

Svo sem um getur í vottorðum læk'nanna Gunnsteins Gunnarssonar og John E. G. Benedikz og framburðum þeirra fyrir dómi gæti tognun eða snúningur við greinda líkamsæfingu hafa orsakað umræddan blóðsega, svo sem stefnandi byggir á, en aðrir orsakabættir geta og komið til álita í því efni, svo sem læk'nisfræðileg gögn málsins bera með sér.

Af hálfu stefnda er m.a. á því byggt að atburður sá sem stefnandi hefur lýst og reisir málatilbúnað sinn á uppfylli ekki skilyrði tryggingarskilmálanna um bótaskýlt slys. Í tryggingarskilmálum þessum er hugtakið slys skilgreint þannig: „Með slysi er átt við skyndilegan utanaðkomandi atburð, sem veldur hinum (vá)tryggða líkamsmeiðslum, án þess að hann hafi sjálfur átt þar hlut að af ásettum ráði.“

Miðað við þá lýsingu sem stefnandi hefur sjálfur gefið á fyrrgreindri líkamsæfingu sinni verður ekki talið að meiðsli þau sem hann kann að hafa orðið fyrir af þeim sökum eigi rót sína að rekja til utanaðkomandi atburðar svo sem tilskilið er samkvæmt tryggingarskilmálum. Er því ekki um að ræða slys í skilningi greindra skilmála. Ber því þegar af þeirri ástæðu að sýkna stefnda af öllum kröfum stefnanda í máli þessu, en eftir atvikum þykir rétt að málskostnaður falli niður.

Eggert Óskarsson borgardómari kvað upp dóm þennan.

D ó m s o r ð:

Stefndi, Ábyrgð hf., skal vera sýkn af kröfum stefnanda, Guðmundar Sigurjónssonar, í máli þessu.

Málskostnaður, fellur niður.

Mánudaginn 14. nóvember 1988.

Nr. 5/1988.

Ákærvaldið

(Björn Helgason saksóknari)

gegn

X

(Arnmundur Backman hrl.)

Líkamsárás. Skilorð. Frestun refsingar.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðmundur Jónsson, Guðrún Erlendsdóttir og Hrafn Bragason.

Héraðsdómi var áfrýjað til Hæstaréttar með stefnu 28. desember 1987 að ósk ákærða og jafnframt af hálfu ákærvaldsins til þyngingar.

Ákærði krefst þess aðallega, að hann verði sýknaður af öllum kröfum ákærvaldsins, til vara að refsing verði felld niður eða frestað að verði ákvörðun um refsingu, og til þrautavara að honum verði gerð vægasta refsing, sem lög leyfa, og að sú refsing verði skilorðsbundin. Þá krefst ákærði málskostnaðar úr hendi ríkissjóðs.

Fyrir Hæstarétti lýsti saksóknari því yfir, að hann féllist á frávisun héraðsdómara á skaðabótakröfu Ármanns Reynis Tómassonar, og er sú krafa því ekki til meðferðar hér fyrir dómi.

Fallast ber á með héraðsdómara, að ákærði hafi gerst sekur um líkamsárás, sem refsiverð er eftir 218. gr. 1. mgr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 11. gr. laga nr. 20/1981.